

Háliðagras (*Alopecurus pratensis*)

Enska; Meadow foxtail, danska; Eng-rævehale, norska; Engreverumpe, sænska; Ängskavle

Tegundalýsing og kjörlendur

Háliðagras er hávaxið og upprétt fjölært axpungtgras. Smáöxin eru einblóma með týtu og örstutta, greinda leggi sem vaxa þétt saman í gráleitum kólfi. Við kynþroska hanga fjölubláir eða brúnleitir fræflar út úr axinu. Kólfurinn er pelsmjúkur viðkomu, alllangur og keilulaga. Axberandi strá ná 40-120 sm hæð. Blöðin eru flöt, um 5-9 mm breið og snúa ekki upp á sig. Slíðurhimnan er 1-2 mm að lengd, þverstíð en skörðótt. Fyrir skrið líkist það vöxtulegu knjáliðgrasi, vallarfoxgrasi og jafnvel língresi. Háliðagras þrífst einna best í rakaheldnum og myldnum jarðvegi og vex um land allt en er algengast í túnnum í innsveitum á Norður- og Austurlandi. Við kjöraðstæður myndar það þéttar breiður og er langlíft.



Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Háliðagras er eftirsótt fóðurgras í tún á Norður- og Austurlandi, sérstaklega þar sem stunduð er sauðfjárrækt, enda sprettur það upp af vetrardvala fyrst allra grasa, er mjög beitarþolið, með mikinn endurvöxt sem nýtist vel til sláttar, er lystugt og afar endingargott. Í öðrum landshlutum og á votviðrasömum stöðum er það ekki eins eftirsótt vegna þess hvað það leggst auðveldlega í slagviðrum, er blaðsveppasækið (ryðsveppir) og frekar ólystugt. Ef háliðagrasíð er ekki beitt að vori er það fyrst allra grasa til að skrifa og sprettur fyrr úr sér en önnur grös. Þess vegna er mikilvægt að slá það snemma, yfirleitt fyrst allra grasa, ef nást eiga hey með háu fóðrunarvirði og fóðurgildi. Með réttum sláttutímum og skiptingu áburðar geta háliðagrastún gefið mikla heyuppskeru og í góðum sumrum nást þrjár uppskerur. Það er auðvelt í þurrkun og votheysverkun og það gefur ilmrika töðu. Eiginleg háliðagrasyrki hafa ekki verið til hér á markaði en viltir háliðagrasstofnar frá Bandaríkunum og Evrópu eru fáanlegir. Grunur leikur á að fóðrunarvirði þessara stofna og ending sé afar breytlegt.

Ræktunarleiðbeiningar

Í dag er ekki ráðlagt að sá háliðagras með öðrum grastegundum en áður fyrr var algengt að sá því með vallarsveifgrasi og túnvingli (s.k. "harðlendisblanda"). Fræið er stórgert miðað við þyngd og þess vegna ekki gott að raðsá því með öðrum grastegundum. Háliðagras spírar frekar hægt miðað við önnur tüngrös og er lengi að róta sig og gefur ekki mikla uppskeru á fyrsta ári. Fullt sáðmagn er um 20-25 kg á ha. Æskilegur sáðtími er seint á vorin. Sáðdýpt er 1-3 sm og sáðbeðið á að vera þétt. Best er að sá á yfirborðið og valta strax á eftir. Kjörjarðvegur eru vel framræstar mýrar og myldinn, rakaheldinn mói á Norður- og Austurlandi með sýrustig yfir meðallagi. Það gerir svipaðar áburðarkröfur og önnur algeng tüngrös (sjá Handbók bænda). Nauðsynlegt er að fylgjast vel með illgresi fyrsta árið og bregðast við tímalega með réttum illgresislyfjum ef svo ber undir.

